

**Ed.**

**175. Frumvarp til laga**

[39. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. des.)

**1. gr.**

3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.

Við 7. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

**2. gr.**

Við 11. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr rikissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

**3. gr.**

16. gr. orðist svo:

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1973 nema fyrri liður 1. gr., sem öðlast gildi 1. jan. 1973. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 16 16. febr. 1943, um orlof, og lög nr. 8/1957 og lög nr. 68/1964, um breyting á þeim lögum.